

GJALDSKRÁ

vegna refa- og minkaveiða í Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr.

Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir fyrir veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagsins í samræmi við reglur um refa og minkaveiði í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum á reglugerðum.

2. gr.

Refaveiði

Fyrir hvert unnið dýr skal greiða 11.000 kr. þeim er rétt eiga á greiðslu skv. reglum um refa og minkaveiði í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Einungis samningsbundnum veiðimönnum er greitt fyrir veiðar á grenjatímabilinu sem stendur yfir frá 1. maí til 31. júlí ár hvert.

Utan grenjatíma er samningsbundnum veiðimönnum greitt fyrir hlaupadýr sem og þeim sem landeigandi á viðkomandi svæði hefur tilnefnt til veiða á hlaupadýrum.

3. gr.

Minkaveiðar

Sveitarfélagið Hornafjörður ræður veiðimenn til minkaveiða og greiðir þeim 8.000 kr. fyrir hvert unnið dýr.

Veiðimenn skulu að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní, en heimilt er að veiða mink allt árið.

4. gr.

Skilyrði fyrir greiðslum

Veiðimenn skuldbinda sig til að fylgja reglum um refa og minkaveiði í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til þess að halda eftir greiðslu ef veiðiskýrsla er ófullnægjandi og/eða óútfyllt.

Reikningum vegna veiðitímabilsins skal skilað eigi síðar en 10. september en þá þarf að samþykka af umhverfis- og skipulagssviði áður en þeir eru greiddir.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

6. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi byggir á reglum um refa og minkaveiði í Sveitarfélaginu Hornafirði og öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur um refa og minkaveiði í Austur-Skaftafellssýslu frá 5. apríl 2013.